

Föstudaginn 19. marz 1937.

Nr. 83/1936. Ólafur Halldórsson

(Eggert Claessen)

gegn

Guðrúnu Ásdísi Skúladóttur Norðdahl

(Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. marz 1936:
Kærður, Ólafur Halldórsson, skal teljast faðir að barni því, er kærandi, Guðrún S. Norðdahl, ól þann 20. júlí 1935 og hlaut í skírninni nafnið Guðbjörg Ester. Þá greiði kærður meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds, og 20 krónur í málskostnað. Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess *aðallega*, að hann verði skilyrðislaust sýknaður af kröfu stefndu í máli þessu, en *til vara*, að úrslit þess verði látin velta á synjunareiði hans, og til *þrautavara*, að málsúrslit verði látin velta á sönnunareiði stefndu. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar af stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hver sem málsúrslit verði. Stefnda krefst þess hinsvegar *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði hennar, og loks, að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir rannsókn á blóði aðilja og barns stefndu farið fram og með þeirri niðurstöðu, að barnið og á-

frýjandi reyndust vera af O og M flokki, en stefnda af A og N flokki. Getur hann samkvæmt því verið faðir að barninu, en rannsóknin sannar alls ekki, að hann sé það.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, eru aðiljar sammála um það, að þau hafi haft holdleg mök saman nokkrum sinnum árin 1933 og 1934. Þau eru einnig sammála um, að þau hafi ekki haft samfarir frá því síðari hluta ágústmánaðar 1934 og til októberloka s. á. Einnig ber þeim saman um það, að þau hafi komið saman að líkamslostu síðast í desember 1934. Má telja vist, að barnið, sem talið er að hafa fæðzt fullburða, geti ekki verið ávöxtur samfaranna í desember nefnt ár. Og einnig má telja útilokað, að það geti verið komið undir við samfarir aðilja í ágústmánuði 1934. Stefnda kveðst hafa haft samfarir við áfrýjanda 2. nóvember 1934, sem þó hafi ekki verið fullkomnar, og síðan í annari viku sama mánaðar, er hún hafi komið heim til áfrýjanda á heimili hans hér í bænum. Yrði barnið þá að vera getið við þessar samfarir, ef áfrýjandi er faðir að því, og má það vel standast tímans vegna. Áfrýjandi neitaði því ákveðið í þinghaldi 28. nóv. 1935, að hann hafi nokkru sinni haft samfarir við stefndu í nóvembermánuði 1934. Í sama þinghaldi síðar er skýrsla hans bókuð svo, að hann hafi ekki, „eftir því sem hann minni bezt“, haft samfarir við stefndu frá byrjun septembermánaðar, sem eftir upplýsingum, komnum fram hér fyrir dómi, ætti að vera frá lokum ágústmánaðar, og þar til síðast í desember 1934. Þetta varúðarsama orðalag áfrýjanda verður ekki talin viðurkenning á faðerni barnsins né afturköllun á synjun hans áður fyrir faðernið,

og verður hann því ekki dæmdur faðir barnsins vegna ófullnægjandi synjunar á staðhæfingu stefndu um samfarir þeirra í nóvembermánuði 1934.

Sem fyrr segir, höfðu aðiljar kynningu hvort af öðru bæði fyrir og eftir getnað barnsins. Áfrýjandi neitar því ekki, að verið geti, að hann hafi farið, að því er virðist á náttarþeli, einn út með stefndu á heimili hennar 2. nóvember, er hann sýnist hafa verið þar í mannfagnaði ásamt öðrum fleirum, enda þótt hann synji fyrir samfarir við stefndu að því sinni. Eftir að áfrýjandi var orðinn þess vis, fyrst í marzmánuði 1935, að stefnda var orðin þunguð, veitti hann henni nokkurn fjárstyrk. Að visu ber áfrýjandi það, að stefnda hafi þá sagzt hafa gengið með á þriðja mánuð, og hafi hann því búizt við, að hún hefði orðið barnshafandi við samfarir þeirra í desember árið áður. En stefnda tjáist hafa sagt áfrýjanda þá, að hún hefði gengið með á fjórða mánuð. Fyrir hæstarétti hefir verið lagt fram vottorð læknis, er skoðaði stefndu 5. marz 1935, og að því er ætla má, rétt eða skömmu áður en hún skýrði áfrýjanda frá barnshöfn sinni, og kveður lækknirinn hana þá hafa gengið með „ca. á fjórða mánuð“. Verður að gera ráð fyrir því, að lækknirinn hafi tjáð stefndu þessa niðurstöðu sína, og að stefnda hafi flutt hana áfrýjanda. Virðist því mega gera ráð fyrir því, að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að ætla, að þungi stefndu væri ekki ávöxtur samfara þeirra í desembermánuði 1934, og ekki mátti tímamarkið samríma samförum þeirra í lok ágústmánaðar s. á. Ennfremur sýndi áfrýjandi stefndu umönnun í sængurlegu hennar, svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir.

Þegar allt þetta er athugað, þá virðist stefnda

hafa flutt fram atriði, sem veita nægilega sterkar líkur til þess, að málsúrslit verði látin velta á eiði hennar, sbr. 15. gr. laga nr. 46/1921 og nú 213. gr. laga nr. 85/1936, þannig að ef hún vinnur, eftir löglegan undirbúning, innan 6 vikna frá uppsögu dóms þessa, á varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við áfrýjanda á tímabilinu frá 1. til 15. nóvember 1934, þá skal hann talinn faðir að meybarni því, Guðbjörgu Ester, sem stefnda ól þann 20. júlí 1935, enda greiði áfrýjandi þá meðlag með barninu og stefndu barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og áfrýjandi greiða stefndu málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti samtals 200 krónur.

Ef stefndu verður hinsvegar eiðfall, þá á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Guðrún Ásdís Skúladóttir Norðdahl, vinnur innan 6 vikna frá uppsögu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 1. til 15. nóvember 1934 haft holdlegar samfarir við áfrýjanda, Ólaf Halldórsson, þá skal hann talinn faðir barns þess, Guðbjargar Ester, sem stefnda ól þann 20. júlí 1935, enda greiði áfrýjandi þá meðlag með barninu og stefndu barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði á-

frýjandi henni samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Ef stefndu verður eiðfall, á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Þann 20. júlí 1935 ól ógift stúlka, að nafni Guðrún S. Norðdahl, til heimilis á Úlfarsfelli í Mosfellssveit, fullburða stúlkubarn, sem í skirninni hlaut nafnið Guðbjörg Ester. Föður að þessu barni sinu hefir barnsmóðirin tilnefnt Ólaf Halldórsson, bifreiðarstjóra, til heimilis á Eiriksgötu 37 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta eftir ósk kæranda höfðað gegn honum, og hefir hún gert þær kröfur hér fyrir réttinum, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og svo barnsfararkostnað til sín, svo og styrk fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds og loks málskostnað að skaðlausu.

Kærandi heldur því fram, að hún hafi þekkt kærðan síðan hún var barn að aldri. Hún kveður, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan fyrst fyrir einum tveimur eða þremur árum og síðan öðru hvoru eftir það, þar til í desembermánuði 1934, en þó ekki um hásumarmánuðina. Heldur hún því fram, að barn þetta muni vera getið við samræði, er hún hafi haft við kærðan í annari viku nóvembermánaðar 1934, og byggir hún það meðal annars á því, að fyrst í þeim mánuði hafi hún haft tíðir, en síðan ekki á meðgöngutíma barnsins.

Kærandi hefir haldið því fram, að hún hafi sagt kærðum í marzmánuði 1935, að hún væri þunguð af hans völdum og hafi hann þá sagt, að hann borgaði með barninu, ef hann ætti það. Þá kveður kærandi, að í aprilmánuði

1935 hafi kærður látið sig hafa 60 kr. í peningum, og kveðst hún hafa skilið það svo, að með því viðurkenndi hann barnið. Þegar barnið fæddist og eftir það, kveður kærandi, að kærður hafi séð um flutning ljósmóður upp að Úlfarsfelli sér að kostnaðarlausu og ennfremur hefir hún haldið því fram, að hún hafi engan reikning fengið fyrir starfa ljósmóðurinnar, og telur hún því, að kærður muni hafa greitt þann kostnað.

Þá hefir kærandi haldið því staðfastlega fram, að hún hafi ekki haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en kærðan á getnaðartíma barnsins, og geti því enginn annar en hann verið faðir þess.

Kærður viðurkennir það, að hann hafi þekkt kæranda yfir lengri tíma, enda séu þau alin upp í sömu sveit. Þá hefir kærður og viðurkennt það, að hann hafi fyrst haft holdlegt samræði við kæranda fyrir ca. tveimur árum og síðan öðru hvoru eftir það, þar til í desembermánuði 1934, en þó ekki yfir hásumarmánuðina. Þá hefir hann og haldið því fram, að hann minnst þess ekki, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda frá því í byrjun septembermánaðar og þar til síðast í desembermánuði 1934. Þá viðurkennir kærður, að kærandi hafi sagt sér í byrjun marzmánaðar 1935, að hún væri ófrísk af sínum völdum, en hann hefir haldið því fram, að kærandi hafi sagt sér, að hún væri búin að ganga með á 3ja mánuð, en kærandi hefir hinsvegar staðhæft það, að hún hafi sagt kærðum, að hún þá væri búin að ganga með á 4. mánuð. Kærður viðurkennir, að hann hafi látið kæranda þá fyrst hafa 10 kr. og síðan 50 kr. töluverðum tíma eftir það, að hún sagði honum, að hún væri ófrísk, og auk þess hafi hann látið hana fá ári áður 10 krónur. Þá hefir kærður játað það, að hann hafi kostað bifreiðarakstur ljósmóðurinnar, þegar kærandi átti barnið og eftir það meðan á legunni stóð. Hinsvegar hefir hann neitað því, að hann hafi greitt ljósmóðurinni hennar fyrirhöfn.

Kærður hefir krafizt þess í málinu, að blóðrannsókn færi fram, og var af lækni gerð tilraun til þess að ná blóði úr barninu með samþykki kæranda, en það mistókst eins og læknisvottorðið á réttarskj. nr. 4 sýnir. Eftir það hefir kærandi verið ófáanleg til þess að leyfa

að fram færi blóðrannsókn, þrátt fyrir itrekaðar kröfur kærðs.

Það er upplýst í málinu, að kærandi og kærður hafa þekkt i mörg ár og haft holdlegar samfarir öðru hvoru yfir lengri tíma. Þá er það og upplýst, að kærður hafi látið kæranda hafa á meðgöngutímanum og eftir að hann vissi, að hún var ófrísk, 60 krónur í peningum og sömu-leiðis séð um flutning ljósmóður kæranda að kostnaðarlausu vegna fæðingar barnsins. Þá hefir kærður ekki ákveðið mótmælt því, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á þeim tíma, er barn þetta geti verið getið, hann hefir aðeins haldið því fram, að hann minnst þess ekki, að hann hafi haft holdlegar samfarir við hana á þeim tíma, er hún telur að barnið sé getið, eða frá því í byrjun september og þar til síðast í desembermánuði 1934.

Með tilliti til þess, sem hér á undan greinir, þykir verða að dæma kærðan föður að barni því, er kærandi ól þann 20. júlí 1935. Þá greiði hann og meðlag með barninu svo og barnsfararkostnað til barnsmóður og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Dráttur sá, er varð á rannsókninni, er sök kæranda, en dráttur á uppkvaðningu dóms er vegna anna.

